



Aðalfundur Nýrnafélagsins
14. apríl 2026 boðaður kl. 18:00
Haldinn að Sigtúni 42
39. aðalfundur félagsins
Fundargerð

1. Setning fundarins

Helga J. Hallgrímsdóttir setti fundinn kl. 18:04

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri var kosin Guðrún B. Tryggvadóttir framkvæmdastjóri félagsins og ritari Helga Guðrún Loftsdóttir, ritari félagsins

3. Lestur fundargerðar síðasta fundar

Helga Guðrún Loftsdóttir las fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

4. Skýrsla stjórnar

Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir las skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2025 – 2026. Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

5. Ársreikningur félagsins skýrður og lagður fram til samþykktar

Sigríður Ragna Jónasdóttir lagði fram ársreikninga félagsins og voru þeir samþykktir.

6. Ársreikningur styrktarsjóðsins skýrður og lagður fram til samþykktar

Sigríður Ragna Jónasdóttir lagði fram ársreikninga styrktarfélagsins og voru þeir samþykktir.

7. Skýrslur starfshópa

Engir starfshópar hafa starfað á árinu.

8. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

9. Kosning stjórnar

Gísli Steinn Pétursson og Sigríður Ragna Jónasdóttir hafa setið í stjórn í sex ár eða í þrjú kjörtímabil og Arnar Már Frímannsson hefur beðist lausnar frá setu í stjórn Nýrnafélagsins. Í stað þeirra hafa Sesselja Jónsdóttir og Guðlaug Halldórsdóttir boðið sig fram til setu í stjórn félagsins. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Hafdís Brynja Guðmundsdóttir og Anna Sigríður Gunnarsdóttir hafa boðið sig fram sem varamenn í stjórn. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Helga Guðrún Loftsdóttir hefur boðið sig fram sem formaður og var það samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir gefur kost á sér í stjórn og var það samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

10. Kosning skoðurnarmanns og varamanns til eins árs

Einar Rúnar Einarsson var kosinn skoðunarmaður og Margrét V. Friðþjófsdóttir varamaður og voru þau kosin með öllum greiddum atkvæðum.

11. Ákvörðun um árgjald

Stjórnin ákvað að hækka árgjaldið um 500 krónur. Einstaklingar greiða 5.000 krónur í árgjald en hjón greiða 7.000 krónur. Fundurinn samþykkti árgjaldið samhljóða.

12. Önnur mál

Guðrún B. Tryggvadóttir las upp áyktun aðalfundar:

ÁLYKTUN AÐALFUNDAR NÝRNAFÉLAGSINS 14. APRÍL 2026

Um blóðþrýstingsmælingar í heilsugæslu á Íslandi

Aðalfundur Nýrnafélagsins skorar á heilsugæsluna að tryggja reglubundnar blóðþrýstingsmælingar hjá öllum sjúklingum.

Ómeðhöndlaður háþrýstingur er helsta orsök nýrnabilunar á lokastigi á Íslandi en í flestum öðrum löndum er sykursýki algengari orsök. Þetta bendir til þess að efla þurfi eftirlit með blóðþrýstingi hér á landi.

Jafnframt er almenningur hvattur til að fylgjast með blóðþrýstingi sínum.

Ályktunin var samþykkt samhljóða

Helga Jóhanna fráfarandi formaður afhenti fyrrverrandi stjórnarmönnun þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

Helga Guðrún Loftsdóttir nýkjörin formaður afhenti fráfarandi formanni blómvönd og þakkaði fyrir vel unnin störf í þágu Nýrnafélagsins.

Helga J. Hallgrímsdóttir sleit fundi kl. 19:00.

Helga Guðrún Loftsdóttir

Fundarritari

Helga Jóhanna Hallgrímsdóttir

Formaður

Guðrún Barbara Tryggvadóttir

Framkvæmdastjóri og prókúruhafi

Guðrún B. Tryggvad.
